

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2013**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tíu mánuði ársins 2013 liggur nú fyrir. Staða handbærs fjár frá rekstri batnaði miðað við sama tímabil 2012 og var neikvætt um 12,3 ma.kr. en var neikvætt um tæpa 37 ma.kr. 2012. Tekjur jukust um tæpa 36 ma.kr. milli ára og gjöld um 16,9 ma.kr. Viðskiptahreyfingar höfðu jákvæð áhrif á handbært fé um tæpa 3,6 ma.kr. á móti neikvæðum áhrifum 2012 um rúma 2 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-október 2013 (m.kr.)

	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Innheimtar tekjur	345.167	373.849	370.350	411.477	447.468
Greidd gjöld	446.178	429.669	430.877	446.460	463.375
Tekjujöfnuður	-101.012	-55.820	-60.527	-34.983	-15.907
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-6.594	1.134	1.665	-2.006	3.598
Handbært fé frá rekstri	-107.606	-54.686	-58.862	-36.989	-12.309
Fjármunahreyfingar	35.573	-34.877	66.233	-29.172	-19.191
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-72.033	-89.563	7.371	-66.161	-31.500
Afborganir lána	-99.170	-140.902	-143.862	-210.730	-91.742
Innanlands	-72.821	-72.837	-56.315	-53.197	-86.845
Erlendis	-26.349	-68.065	-87.547	-157.533	-4.897
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-171.203	-230.465	-136.491	-276.891	-123.242
Lántökur	177.373	298.298	226.802	232.410	77.105
Innanlands	169.777	166.497	106.760	94.080	95.329
Erlendis	7.596	131.801	120.042	138.330	-18.223
Breyting á handbæru fé	6.170	67.833	90.311	-44.481	-46.137

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 447,5 ma.kr. á fyrstu 10 mánuðum ársins sem er 8,7% aukning frá sama tímabili í fyrra. Af innheimtum tekjum voru skatttekjur og tryggingagjöld, sem eru rúm 90% teknanna, samtals 398,2 ma.kr. sem er 5,3% meira en fyrir ári síðan en 3,8 ma.kr. eða 0,9% undir áætlun.

Innheimta tekjuskatts einstaklinga tímabilið janúar-október er 1,9% yfir áætlun fjárlaga og nam 87,9 ma.kr. sem er 7,4% aukning frá því í fyrra. Tekjuskattur lögaðila hefur undanfarna mánuði verið langt yfir áætlun fjárlaga, vegna fyrirframgreiðslu sem nú hefur að hluta til verið endurgreidd lögaðilum. Frávik frá áætlun hefur minnkað í 0,9% og námu tekjurnar 18,2 ma.kr á tímabilinu. Endurgreiðsla ofgreiddrar fyrirframgreiðslu fór fram í október í ár en í nóvember í fyrra og því er rétt að leiðrétta fyrir því þegar innheimtan er borin saman milli ára. Sé endurgreiðslan tekin með í reikninginn bæði árin er niðurstaðan sú að innheimtan hefur aukist um 5,9% milli ára. Mestur hluti innheimtu á sér þó jafnan stað á tveimur gjaldkögum, í lok nóvember og lok desember og því enn talsverð óvissa um hvernig þessi



tekjuliður mun standast áætlun á árinu í heild. Skattur á fjármagnstekjur jókst um 13,6% frá sama tímabili í fyrra og skilaði 25,7 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október 2011-2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
Skatttekjur og tryggingagjöld	345.315	378.298	398.245	5,6	9,6	5,3
Skattar á tekjur og hagnað	116.035	127.411	131.727	7,8	9,8	3,4
Tekjuskattur einstaklinga	74.058	81.834	87.870	3,1	10,5	7,4
Tekjuskattur lögaðila	12.780	22.988	18.189	39,1	79,9	-20,9
Skattur á fjármagnstekjur	29.197	22.589	25.668	9,7	-22,6	13,6
Eignarskattar	7.205	10.920	11.249	22,7	51,6	3,0
Skattar á vöru og þjónustu	155.227	170.880	179.533	2,3	10,1	5,1
Virðisaukaskattur	101.202	112.365	119.276	-0,9	11,0	6,2
Vörugjöld af ökutækjum	2.199	3.489	3.740	70,6	58,7	7,2
Vörugjöld af bensíni	10.055	9.974	9.869	4,1	-0,8	-1,0
Skattar á olíu	5.387	5.825	5.909	1,1	8,1	1,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	12.738	13.448	14.194	4,1	5,6	5,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	23.647	25.780	26.545	11,5	9,0	3,0
Tollar og aðflutningsgjöld	5.484	5.888	4.190	15,7	7,4	-28,8
Aðrir skattar	7.070	9.256	15.201	7,1	30,9	64,2
Tryggingagjöld	54.295	53.943	56.346	8,0	-0,6	4,5
Fjárframlög	723	736	278	2,9	1,7	-62,2
Aðrar tekjur	24.837	31.102	48.261	-10,0	25,2	55,2
Sala eigna	703	1.342	683	-	-	-
Tekjur alls	371.579	411.477	447.468	-0,9	10,7	8,7

Eignarskattar jukust um 3,0% á milli ára og námu samtals 11,2 ma.kr. sem er 5,6% minna en áætlað var í fjárlögum. Þar af nam auðlegðarskattur 5,8 ma.kr. sem er 5,5% undir áætlun og stimpilgjöld 3,2 ma.kr. sem er 3,4% undir áætlun. Neikvætt frávik í innheimtu auðlegðarskatts hefur verið nokkuð mikið undanfarið en hefur þó minnkað síðustu mánuði og mun halda áfram að ganga til baka út árið. Auðlegðarskattur jókst um 9,8% á milli ára og stimpilgjöld jukust um 18,1%. Erfðafjárskattur skilaði ríkissjóði 1,7 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins sem er 0,4 ma.kr. undir áætlun fjárlaga.

Skattar á vöru og þjónustu eru 3,8 ma.kr. eða 2,1% undir tekjuáætlun og námu samtals 179,5 ma.kr. sem er aukning um 5,1% frá sama tímabili í fyrra. Virðisaukaskattur vegur þyngst meðal veltuskatta en hann nam 119,3 ma.kr. á tímabilinu og er það aukning um 6,2% frá því í fyrra. Virðisaukaskattur er nú 2,3 ma.kr. eða 1,9% undir áætlun fjárlaga og er það nær áætlun en verið hefur undanfarið. Almenn vörugjöld námu 4,6 ma.kr. sem er 1,0 ma.kr. eða 18,0% undir áætlun, en tekjuaukning tengd breytingu á vörugjaldakerfinu á matvæli 1. mars sl. hefur ekki verið í samræmi við áætlun. Innheimta vörugjalda af ökutækjum jókst um 7,2% á milli ára og námu þau 3,7 ma.kr. sem er á áætlun. Innheimta vörugjalda af bensíni er 3,3% undir áætlun en þau námu 9,9 ma.kr. sem er 1,0% minna en



á sama tímabili í fyrra. Tekjur af olíugjaldi námu 5,9 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun og aukning um 1,4% frá því í fyrra. Kolefnisgjaldið skilaði 2,6 ma.kr. á tímabilinu og er innheimta þess svipuð og hún var fyrir sama tímabil í fyrra. Frávik kolefnisgjaldsins frá áætlun er neikvætt um 10,4% en innheimta kolefnisgjalds er nokkuð breytileg milli mánaða vegna tveggja mánaða gjaldtímabils og endurgreiðslukerfis. Bifreiðagjaldið skilaði 6,3 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. eða 4,6% minna en áætlað var.

Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 14,3% frá því í fyrra og námu 4,9 ma.kr. sem er þó 7,4% minna en áætlað var. Tekjur af áfengisgjaldi jukust um 1,5% milli ára og námu 9,3 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun. Hefur samdráttur sölu sígarettna, vindla og neftóbaks frá því í fyrra verið meiri en reiknað var með, og er t.d. rúmlega 9% í bæði sígarettum og vindlum. Sala á áfengi fyrstu 10 mánuði ársins er jafn mikil og hún var á sama tíma í fyrra, mælt í samanlögðum vínanda allra tegunda.

Aðrir skattar námu 5,2 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,9% yfir áætlun fjárlaga. Þar af nam útvarpsgjald 3,2 ma.kr. og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 1,7 ma.kr. Sérstakt gjald á fjármálafyrirtæki, sem oft er kallað bankaskattur mun skila rúmum einum milljarði króna sem innheimt verður á síðustu tveimur mánuðum ársins.

Tryggingagjöld námu 56,3 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins sem er 4,5% aukning frá því í fyrra en nokkru undir áætlun fjárlaga. Almenna tryggingagjaldið nam 28,0 ma.kr. en atvinnutryggingagjaldið nam 16,1 ma.kr. Sá launastofn sem gjaldið er reiknað af hefur aukist um rúm 7% milli ára. Í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir 7% hækkun stofnsins á árinu 2013 og liggur ofmatið á tekjum af tryggingagjaldi í of háu mati á stofni fyrra árs, en hann var 857 ma.kr. samkvæmt nýlegri álagningu RSK á rekstrarárið 2012.

Aðrar tekjur á tímabilinu en skatttekjur og fjárframlög námu 48,3 ma.kr. en það er 0,7 ma.kr. eða 1,5% undir tekjuáætlun og 55,2% aukning frá sama tímabili í fyrra. Stærstu tekjuliðirnir fyrir utan skatttekjur eru annars vegar arðgreiðslur og hluti ríkissjóðs af tekjum ríkisfyrirtækja, sem námu 15,9 ma.kr. og hins vegar vaxtatekjur, sem námu 12,4 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins. Tekjur af veiðigjöldum námu 11,8 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. eða 6,1% undir áætlun fjárlaga. Þar af námu tekjur af almennu veiðigjaldi 4,6 ma.kr. og því sérstaka 7,2 ma.kr.

Greidd gjöld námu 463,4 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 16,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 3,8%. Þróun á útgjöldum einstaka málaflokka var misjöfn en hér á eftir er frekari greining á breytingu á útgjöldum hvers málaflokks á milli ára og helstu þættir dregnir fram.

Gjöld ríkissjóðs janúar-október 2011-2013

	2011	2012	2013	2012	2013
Vaxtagreiðslur	56.981	65.536	65.436	15,0	-0,2
Almenn opinber þjónusta	37.528	26.326	27.443	-29,8	4,2
Almannatryggingar og velferðarmál	114.499	103.013	99.571	-10,0	-3,3
Heilbrigðismál	94.290	88.134	94.474	-6,5	7,2
Efnahags- og atvinnumál	44.664	39.881	40.970	-10,7	2,7



Menntamál	38.797	37.836	39.984	-2,5	5,7
Menningar, íþrótt og trúmál	13.156	12.040	13.336	-8,5	10,8
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	16.296	15.722	16.241	-3,5	3,3
Umhverfisvernd	3.960	3.610	3.898	-8,8	8,0
Varnarmál	1.096	796	849	-27,3	6,6
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	313	171	504	-45,3	194,4
Óregluleg útgjöld	9.299	9.008	9.761	-3,1	8,4
Gjöld alls	430.877	402.075	412.468	-6,7	2,6

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 65,4 ma.kr. og eru svipuð og 2012 sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 13,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust um tæplega 1 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 28,1 ma.kr. og jukust um 2,1 ma.kr. á milli ára. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 108,8 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 2,9 ma.kr. milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 3,7 ma.kr. milli ára og námu 51,7 ma.kr. á tímabilinu. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 10,2 ma.kr. á tímabilinu og voru svipaðar og á fyrra ári. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs námu 14,9 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 3,7 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 8,9 ma.kr. og drógust saman um tæpa 6 ma.kr. sem skýrist með sérstökum tímabundnum vaxtaniðurgreiðslum sem greiddar voru út á árinu 2012 en ekki 2013. Þá námu greiddar barnabætur 7,7 ma.kr. og voru tæpum 2 ma.kr. hærri en á sama tímabili 2012. Útgjöld Fæðingaorlofsjóðs námu tæpum 7 ma.kr. og jukust um rúmar 400 m.kr. milli ára en voru innan heimilda.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 105,3 ma.kr. og jukust um tæpa 7 ma.kr. milli ára. Útgjöld Landspítala námu 33,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,8 ma.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri voru 4,0 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Þá námu útgjöld heilbrigðisstofnana 12,7 ma.kr. og jukust um rúman 1 ma.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkratrygginga námu 25,9 ma.kr. og jukust um tæpan 1,4 ma.kr. milli ára og voru 1,6 ma.kr. umfram heimildir. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu 16,2 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um tæpar 200 m.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 2,4 ma.kr. á milli ára og námu 46,8 ma.kr. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld Vegagerðarinnar sem námu 15,5 ma.kr. og greiðslur til landbúnaðarframleiðslu sem námu samtals 9,7 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld til menntamála námu 43,8 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og voru 2,5 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 8,1 ma.kr. og jukust lítillega milli ára en voru innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands námu tæpum 10 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um rúmar 900 m.kr. frá fyrra ári. Útgjöld vegna annarra háskóla námu 5,5 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Útgjöld til framhaldsskóla námu 16,2 ma.kr. og jukust um 894 m.kr. á milli ára. Útgjöld til menningar- íþrótt og trúmála námu 14,7 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um 1,4 ma.kr. Helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið 2,7 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals 4,2 ma.kr.



Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu rúmum 18 ma.kr. og jukust um 494 m.kr. milli ára. Stærstu útgjaldaþættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 3 ma.kr. og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem voru einnig um 3 ma.kr. Útgjöld Ríkislögreglustjóra námu rúmum 1,1 ma.kr. og jukust um 140 m.kr. milli ára. Útgjöld héraðsdómstóla námu rúmum 1,1 ma.kr. og útgjöld Sérstaks saksóknara tæpum 1 ma.kr. Þá námu útgjöld Fangelsismálastofnunar ríkisins 1,2 ma.kr. og aukast lítillega milli ára. Útgjöld til umhverfisverndar námu 4,5 ma.kr. á tímabilinu sem er lítilsháttar aukning á milli ára. Helstu útgjaldaþættir málaflöksins eru útgjöld Endurvinnslunnar sem námu 1,4 ma.kr., útgjöld Umhverfisstofnunar sem námu 779 m.kr. og útgjöld Úrvinnslusjóðs sem námu 652 m.kr. Útgjöld til varnarmála námu 917 m.kr. á tímabilinu og jukust um 52 m.kr. á milli ára. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 561 m.kr. og jukust milli ára um 373 m.kr. Aukningin skýrist með útgjöldum vegna leiguíbúða að fjárhæð 367 m.kr. sem greiddust ekki á árinu 2012. Óregluleg útgjöld námu 12,6 ma.kr. og jukust um 2,5 ma.kr. á milli ára. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 8,5 ma.kr. og jukust um 659 m.kr. milli ára og greiddur fjármagnstekjuskattur nam 4,2 ma.kr. og jókst um 1,8 ma.kr. milli ára.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 31,5 milljarða króna við lok október en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um tæpa 66,2 ma.kr. Í ár kom til greiðslu eiginfjárfamlags til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins námu 86,8 milljörðum króna. Þar af eru 83 milljarðar króna vegna ríkisbréfa á gjalddaga.

Greiddar erlendar afborganir námu að jafnvirði 4,9 milljörðum króna.

Á fyrstu tíu mánuðum ársins hafði ríkissjóður gefið út skuldabréf á innlendum markaði fyrir um 95,3 milljarða króna. Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa nam 85,1 ma.kr. og útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa nam 20,6 ma.kr. Þar af er útgáfa ríkissjóðs vegna eiginfjárfamlags Íbúðalánasjóðs 13 ma.kr. Staða ríkisvixla hefur á móti lækkað um tæpa 10,7 ma.kr. frá áramótum. Önnur útgáfa nemur 0,3 ma.kr.

Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 18,6 ma.kr. í lok október vegna styrkingar krónu frá áramótum og erlend lántaka 0,4 ma.kr.